

Mannvit hf.
Axel Valur Birgisson
Grensásvegur 1
108 Reykjavík

2010100055
8717; 9310

Reykjavík, 15. desember 2010

Efni: Kísilmálmverksmiðja Thorsil ehf. í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Thorsil ehf. að matsáætlun um fyrirhugaða kísilmálmverksmiðju Thorsil ehf. í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Mannvits dags. 19. nóvember 2010 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Thorsil ehf. Kísilmálmverksmiðja í Þorlákshöfn í Ölfusi. Mannvit verkfræðistofa. Nóvember 2010.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélaginu Ölfusi, Brunamálastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 7. desember 2010, Brunamálastofnun með bréfi dags. 8. desember 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. nóvember 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 6. desember 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. desember 2010 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 1. desember 2010. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 13. desember 2010.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Mannvits dags. 13. desember 2010 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í umsögn Brunamálastofnunar við tillögu að matsáætlun er fjallað um áformaða notkun kola, timburs og gass við framleiðslu fyrirtækisins. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram magn eldfimra og eldnærandi efna og hvaða ráðstafanir þarf að gera m.t.t. brunahönnunar mannvirkja, flutning efnanna og eldvarna vegna starfseminnar, þ.m.t. viðbragðsbúnað slökkviliðs sveitarfélagsins líkt og Brunamálastofnun bendir á og Thorsil áformar. Brýnt er að gera grein fyrir því í frummatsskýrslu hvort slökkvilið svæðisins sé í stakk búið til að gegna skyldum sínum gagnvart jafn umfangsmikilli starfsemi og um ræðir eða hvort það þurfi að bæta við mannafla eða búnað.

Skipulagsstofnun tekur undir með ábendingum Sveitarfélagsins Ölfuss þess efnis að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram, eftir því sem vitað er, við hvaða hafnargarð verði skipað upp og hvort hráefni verði ekið frá skipi eða fari með færibaldi á geymslustað. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fokhættu, umferðarpunga og hljóðmengun vegna þessa og eins þarf að meta hljóðmengun frá færibaldi verði það notað. Gera þarf grein fyrir því á hvaða tíma uppskipun sé áætluð, hversu lengi hún standi í senn og hvaða vikudagar verði uppskipunardagar. Meta þarf hvar millilagerinn eigi að vera á hafnarsvæðinu og hversu stór hann þurfi að vera. Skilgreina þarf hvernig geymslu hráefna verði háttáð með tilliti til foks yfir byggðina ekki síst vegna kola og kvarts. Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir því hvernig verði komið í veg fyrir fok. Einnig þarf að gera grein fyrir afstöðu framkvæmdaraðila til þeirrar kröfu sveitarfélagsins að byggt verði yfir allt efni sem fokgjarnt er á geymslusvæði við höfnina. Í frummatsskýrslu komi jafnframt fram á hvaða formi timbur verði flutt á iðnaðarlóðina, þ.e. í heilum stofnum eða sem kurl og hvernig það samræmist afstöðu sveitarfélagsins.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 5.1 í tillögu að matsáætlun er m.a. fjallað um fornleifar á framkvæmdasvæði. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum mats á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar. Staðsetningu fornleifa og afstöðu þeirra til framkvæmda á lóðinni þarf að sýna á korti eða loftmynd líkt og Fornleifavernd ríkisins bendir á í umsögn sinni.

Í köflum 4.2.3 og 4.2.4 er fjallað um framleiðsluferli og hreinsun útblásturs. Skipulagsstofnu tekur undir ábendingar Sveitarfélagsins Ölfuss og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og telur brýnt að skilmerkilega verði gerð grein fyrir öllu ferli hráefna, afurða og úrgangs þ.m.t. uppskipun, flutningi frá höfn að hráfnisgeymslu, geymslu og framleiðsluferli í frummatsskýrslu. Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir því hvort og hvernig hráefnin verða að afurðum, föstum, fljótandi eða loftbornum úrgangi og hvaða áhrif þau hafi á umhverfið á öllum stigum.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir vatnsnotkun og hreinsun fráveituvatns vegna starfseminnar líkt og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við þau áform framkvæmdaraðila að sleppa í frummatsskýrslu loftdreifingarútreikningum með jafngildislínum fyrir styrk útblásturs, að því tilskyldu að sýnt verði fram á að styrkur mengunarefna verði neðan marka reglugerða um mengunarmörk í andrúmslofti og að ekki þurfi þynningarsvæði vegna starfseminnar. Engu að síður þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir dreifingu helstu mengunarefna samkvæmt vindrós og áhrifum efnanna á íbúa, auðlindir og aðra atvinnustarfsemi. Í frummatsskýrslu þarf að gera sérstaklega grein fyrir því hvort flutningur hráefna eða úrgangs eða starfsemin kunní að valda ónæði vegna lyktar.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Brunamálastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlit ríkisins.